

Vatnabúðir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur við sjó fram, norðvestan undir Eyrarfjalli. Nokkru sunnar og ofar er annað býli, sem heitir **Móabúð** (1). Þarna voru áður fleiri býli og oftast kallað Vatnabúðapláss, en nú eru aðeins tvö hin áðurnefndu byggð. Beitolandi er óskipt en túnnum er skipt milli býlanna.

Vatnabúðabærinn stendur á bungumynduðum hól. Austur frá bænum, austur við vatnið, er völlum í túninu sem heitir **Þorbjarnarvöllur** (2). Nær hann suður að nýsléttuðum flötum. Vestur af Þorbjarnarvelli, en norður frá bænum, er hóll sem heitir **Gerði** (3). Sá áður fyrir garðlagi umhverfis hólinn, en nú er búið að slétta þar.

Milli bæjarhólsins og sjávarkampsins er laut, sem er þurr á sumrum og þá grasi vaxin, en á vetrum er vatn í henni; laut þessi er kölluð **Tjörn** (4). Norður frá bænum er garðlag yfir lautina, sem kallað er **Göngugarður** (5). Suður frá bænum eru smákofar, og suður frá þeim er túnhluti, sem kallaður er **Sigurðarstykki** (6). Fyrir vestan Sigurðarstykki liggur gata frá bænum og suður úr túninu, en að austan nær Sigurðarstykki austur í túnjaðar. Fyrir vestan hina áðurnefndu götu eru tvö stykki, skiptir þeim gata, sem liggur út að Móabúð. Efra stykkið heitir **Gatnavöllur** (7), en neðri völluminn **Mjóivöllur** (8). Frá hlöðu, sem stendur fyrir ofan Gatnavöll er stykki, sem heitir **Dagsláttu** (9). Nær það vestur að túnmerkjunum. Upp frá Dagsláttu er hóll, sem heitir **Oddsbúðarhóll** (10), á honum stóð býli, sem **Oddsbúð** (11) hét. Ofan með merkjunum og niður á bakkann heitir **Björbali** (12). Fyrir ofan kampinn er mýri, sem kölluð er **Veita** (13). Í suðaustur frá túninu var býli, sem hét **Flóabúð** (14), sér þar fyrir tóftum. Fremst á bakkanum, niður frá bænum, var búð sem hét **Byrgisbúð** (15). Þar stendur nú þurrabúð, sem heitir **Bakkabær** (16). Þar sem hlaðan stendur nú, var býli eða þurrabúð, sem hét **Narfabúð** (17). Norður frá bænum er túnreit, sem heitir **Böðvarstunga** (18), nær hún norður að Bakkabæ.

Merki, sem skipta túnunum, er sjónhending úr bátarétt, sem er milli hjallanna á Bakkanum og í stapa upp í holtunum.

Austur frá Móabúðarbænum (húsinu) var búð, sem **Arabúð** (19) hét, þar er nú sléttur hóll. Vestur frá Móabúð var býli, er hét **Grænur** (20). Neðar, nær sjónum, eru rústir, sem heita **Gömlu-Grænur** (21). Norður frá Móabúð er túnreitir, sem **Hjallatunga** (22) heitir. Norður frá henni, með kampinum er lægð, sem heitir **Leynir** (23), er hann framhald af Tjörninni. Beint niður frá Móabúð (nær sjónum) var búð, sem hét **Jónsbúð** (24), þar er nú sléttuð flöt.

Með sjónum frá Vatnabúð og austur að **Skarfatanga** (25) er sendinn malarkampur. Upp frá honum eru tvö vötn í flóanum, er heita **Efravatn** (26) og **Neðravatn** (27). Flóinn upp og austur af vötnum er nafnlaus. Upp í hann frá kampinum gengur lágt holt, sem heitir **Merkjaholt** (28). Fyrir ofan flóann er holt, sem heitir **Langholt** (29). Eftir því liggur vegurinn frá Hallbjarnareyri og vestur um Eyrarfjall.

Upp frá túnunum Vatnabúðaplássins eru holtabörð. Það austasta af þeim heitir **Kringlubarð** (30). Þar fyrir vestan er allhátt barð, sem heitir **Háabarð** (31).

Í suður frá túnunum eru smáklettaborð, sem heita **Stapar** (32). Vestar, upp í hlíðarrótunum er stekkjarrúst, sem kölluð er **Grænustekkur** (33). Upp frá honum í hlíðinni eru **Stekkjjarbörð** (34). Í vestur-útsuður frá Grænustekki er laut í melholtin, sem heitir **Lambakróarlaut** (35). Frá lautinni og niður að sjávarkampinum er lágur hryggur, sem heitir **Rimi** (36). Eftir honum eru landamerki milli Vatnabúðapláss og Akurtraða.

Sker meðfram ströndinni eru þessi: Næst fyrir vestan Skarfatanga eru flúðir, sem heita **Bekkir** (37). Upp af þeim nær landi er aflangt sker, sem heitir **Skrattasker** (38). Fyrir vestan Bekkina eru tvö lón, sem heita **Sigurðarlón** (39) og **Leirpollur** (40). Fyrir vestan Leirpollinn er sker eða eyri, sem heitir **Vatnsósseyri** (41). Vestan við hana er lón, sem heitir **Húsalón** (42), þar fyrir vestan er klettasker, sem heitir **Egill** (43). Vestar er **Langasker** (44) og norður frá því **Háusker** (45). Nær landi er langur skerhryggur, sem heitir **Bryggja** (46). Fremst á henni er klettur, sem heitir **Bryggjuhaus** (47). Fram af hjöllunum, sem standa á bakkanum er sker, sem heitir **Lambi** (48). Þar vestur af heita **Grynnri**- (49) og **Dýpri-Grænklettur** (50). Norður af Dýpri-Grænkletti er langt sker, sem heitir Langasker. Vestur af Grynnri-Grænklettinum er sker, sem heitir

Selaklettur (51). Vestur frá Selakletti er flöt eyri, sem liggur frá landi, hún heitir

Þvereyri (52). Um hana eru merkin milli bæjanna.

Stafrófsskrá örnefna

Arabúð 19	Selaklettur 51
Bakkabær 16	Sigurðarlón 39
Bekkir 37	Sigurðarstykki 6
Bjórballi 12	Skarfatangi 25
Bryggja 46	Skrattasker 38
Bryggjuhaus 47	Stapar 32
Byrgisbúð 15	Stekkjarbörð 34
Böðvarstunga 18	Tjörn 4
Dagsláttá 9	Vatnsósseyri 41
Dýpri-Grænklettur 50	Veita 13
Efravatn 26	Þorbjarnarvöllur 2
Egill 43	Þvreyri 52
Flóabúð 14	
Gerði 3	
Gatnavöllur 7	
Grynnri-Grænklettur 49	
Grænustekkur 33	
Grænklettur, Dýpri- 50	
Grænklettur, Grynnri- 49	
Grænur 20	
Grænur, Gömlu- 21	
Gömlu-Grænur 21	
Göngugarður 5	
Háabarð 31	
Háusker 45	
Hjallatunga 22	
Húsalón 42	
Jónsbúð 24	
Kringlubarð 30	
Lambakróarlaut 35	
Lambi 48	
Langholt 29	
Langasker 44	
Leirpollur 40	
Leynir 23	
Merkjaholt 28	
Mjóivöllur 8	
Móabúð 1	
Narfabúð 17	
Neðravatn 27	
Oddsúð 11	
Oddsúðarhóll 10	
Rimi 36	